

119
18. sept.

Vogsósar	20 kr.
Einholt	20 —
Fljótshlíðarþing (auk 20 kr. 5. apríl)	20 —
Knappstaðir (auk 20 kr.)	20 —
Þönglabakki (auk 20 kr.)	20 —
Grímsey (auk 22 kr.)	20 —

Þessar tillögur eru hér með samþykktar.

120
18. sept.

— *Brjef landshöfðingja til prófasts sira Eiríks Briems um styrk til að leysa af hendi stýrimannspróf.* — Með þessu brjefi var Sigurði nokkrum Sigurðs-syni frá Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, er prófasturinn hafði kennt stýrimannsprófi, veittur 200 kr. styrkur til að leysa af hendi stýrimannspróf í Kaupmannahöfn, og prófastinum veitt 50 kr. þóknun fyrir að hafa kennt Sigurði undir þetta próf.

121
24. sept.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kartöfluflyguna.* — Eins og sjá má af umburðarbrjefi frá innanríkisstjórnarherranum til allra amtmanna í Danmörku, sbr. þ. á. Ministerialtid. A nr. 149, hefir kartöfluflygan gjört vart við sig víða á Þýzkalandi. Með því að eigi er uggvant eftir þessu, að hún kynni að flytjast til Íslands með þýzkum kartöflum, eruð þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir að leiða athygli landsbúa að þessari hættu, og skora á almenning að segja hreppstjóra eða lögreglustjóra tafarlaust til, ef kvikindi þetta gjörir vart við sig, og fylgja brjefi þessu nokkrar myndir af því til útbýtingar. Ef unnt er, skal jafnframt senda hreppstjóra eða lögreglustjóra nokkur sýnishorn af flugunni, og ber lögreglustjóra að gjöra tafarlaust ráðstafanir til að eyða henni, og senda landshöfðingja sem fyrst skýrslu um, að flugunnar hafi orðið vart.

122
5. okt.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um rannsókn á dýrasjúkdómum.* — Jafnframt því að senda yður, herra amtmaður, skýrslur dýralæknis Snorra Jónssonar frá 9. desbr. f. á. og 23. maí þ. á. um rannsóknir hans á dýrasjúkdómum í Múlasýslum, bið jeg mjer tjáðar tillögur yðar, eða ef þjer skylduð finna tilefni til að bera mál þetta upp fyrir amtsráðinu, þá ráðsins um það, hvort amtið óski styrks úr landssjóði til þess að geta látið tjeðan dýralækni halda áfram rannsóknum sínum næsta ár, og vænti jeg þá um leið að fá tilkynningu yðar um, hve mikið fje búast megi við, að amtið leggi fram í þessu tilliti.

Í sambandi hjer við skal þess getið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg sje mjer ekki fært að láta útborga að ári dýralækni Snorra Jóns-syni neinn styrk úr landssjóði, nema því að eins að amtið geti notað aðstoð hans, þar sem alþingi bæði felldi frumvarp stjórnarinnar um skipun dýralækna og uppástungu frá mjer um að taka laun dýralæknisins inn í fjárlögin.

123
11. okt.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um verðlaun fyrir björgun úr sjávarháaska.* — Samkvæmt tillögum yð-